

Stjarnvísindafélag Íslands

The Icelandic Astronomical Society

Dunhaga 3, IS-107 Reykjavík, Iceland

Telephone : 354 - 1 - 694800

Telefax : 354 - 1 - 28911

20. desember 1990

Sigmundur Guðbjarnason
háskólarektor
Háskóla Íslands

Nýlega kom út skýrsla stjórnar Stjarnvísindafélags Íslands, *Stjarnvísindi á Íslandi* (endurskoðuð útgáfa, desember 1990). Í skýrslunni er gerð úttekt á stöðu stjarnvísinda hér á landi og jafnframt eru þar lagðar fram tvær tillögur um æskilega framtíðarþróun greinarinnar í næstu framtíð. Skýrslan og niðurstöður hennar ásamt tillögunum hafa verið kynntar menntamálaráðherra, eins og sjá má á meðfylgjandi afriti af bréfi til ráðherra*. Þar sem fyrri tillagan varðar Háskóla Íslands og Raunvísindastofnun Háskólans sérstaklega sendum við yður eintak af skýrslunni til kynningar og umfjöllunar innan háskólans. Við erum að sjálfsögðu reiðubúnir til að veita frekari upplýsingar ef á þarf að halda og jafnframt erum við reiðubúnir til samvinnu um þetta mikilvæga málefni ef þess verður óskað.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd stjórnar Stjarnvísindafélags Íslands

Einar H. Guðmundsson
formaður

* Skýrslan verður einnig send eftirfarandi aðilum til kynningar og umfjöllunar :

Júlíusi Sólness, samstarfsráðherra Norðurlanda
Jóni Braga Bjarnasyni, formanni stjórnar Raunvísindastofnunar Háskólans
Sigfúsi A. Schopka, formanni raunvísindadeildar Vísindaráðs